



Safnahúsið á Húsavík

### Ný greiningarsýning úr ljósmyndasafni Silla, bókamarkaður og Hemminn, gleðigjafi.

Sumardaginn fyrsta verður opnaður bókamarkaður á jarðhæð og ný greiningarsýning á ljósmyndum á 3. hæð. Myndirnar á sýningunni og bækurnar á markaðnum eru hvoru tveggja hluti af rausnarlegri gjöf Silla til Safnahússins. Mikill fjöldi bóka verður á markaðnum, sagnfræði, ættfræði, skáldsögur, ljóð og margt fleira.

Sýning Gerðu á „Hemmanum“ stendur til sunnudagsins 28. apríl. Markaðurinn og sýningarnar verða opnar sumardaginn fyrsta kl. 13-16, föstudaginn 26. apríl kl. 10-18 og helgina 27.-28. apríl kl. 13-16.

Fritt verður inn á fastasýningar í Safnahúsinu sumardaginn fyrsta og um helgina.

## Auglýsing um kosningar til Alþingis.

Laugardaginn 27. apríl næstkomandi fara fram kosningar til Alþingis.

Í Þingeyjarsveit fer atkvæðagreiðslan fram í Ljósveitningabúð og hefist kjörfundur kl. 10:00 og stendur a.m.k. til kl. 18:00 sbr. lög nr. 5/1998

„66. gr. Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en átta klukkustundir eru liðnar frá því að kjörfundur hófst og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.“

Kjörfundi skal þó slíta í síðasta lagi kl. 22:00.

Á kjörstað geri kjósandi grein fyrir sér með framvísun skilríkja eða á annan fullnægjandi hátt.

Sími kjörstjórnar á kjörstað er 4643617 og 8660025.

Kjörstjórn Þingeyjarsveitar

## FUNDARGERÐ



### Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 123. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 18. apríl 2013 kl. 13:00

#### Dagskrá:

1. Fundarsetning;
2. Kjörskrá vegna alþingiskosninga 2013;
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 10.04.2013;
4. Fundargerð stýrihóps um skólafestu í Þingeyjarsveit frá 15.04.2013;
5. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 16.04.2013;
6. Fundargerð Fræðslunefndar frá 16.04.2013;
7. Erindi frá foreldrafélögum Þingeyjarskóla;

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Ásta Svavarsdóttir og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

#### 1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 8 lið; Fundargerð Ungmennaráðs frá 11.04.2013 og undir 9. lið; Aðalfundarboð Veidifélags Skjálfafljóts. Einnig óskaði hann eftir að lögð yrði fram til kynningar, fundargerð Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar frá 17.04.2013.

Samþykkt samhljóða.

#### 2. Kjörskrá vegna alþingiskosninga 2013:

Lögð fram kjörskrá vegna alþingiskosninga 27. apríl n.k. Kjörskrá miðast við skráð lögheimili í sveitarfélaginu eins og það er samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða kjörskrá eins og hún liggur fyrir og felur sveitarstjóra að undirrita hana.

#### 3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 10.04.2013:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 10. apríl s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni.

Fyrsti liður fundargerðar; Kvíaból, Kinn. Bygging vélaskemmu.

Sveitarstjórn samþykkir að leitað verði meðmæla Skipulagsstofnunar til að heimila umrædda framkvæmd í samræmi við 1. tölulið „Ákvæði til bráðabirgða“ í 57. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þriðji liður fundargerðar; Belgsá í Fnjóskadal. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar.

Sveitarstjórn samþykkir að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við framlögð gögn umsækjanda og að höfðu samráð við minjavörð Norðurlands varðandi fornminjar á svæðinu.

Fjórti liður fundargerðar; Árbót í Aðaldal. Breyting á aðalskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa samhliða breytingu á aðal- og deiliskipulagi að kynningu lokinni skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

**4.Fundargerð stýrihóps um skólafundum í Þingeyjarsveit frá 15.04.2013:**

Lögð fram fundargerð stýrihóps um skólafundum í Þingeyjarsveit frá 15. apríl s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**5. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 16.04.2013:**

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 16. apríl s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**6.Fundargerð Fræðslunefndar frá 16.04.2013:**

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 16. apríl s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**7.Erindi frá foreldrafélögum Þingeyjarskóla:**

Lagt fram erindi frá foreldrafélögum Þingeyjarskóla dags. 15. apríl s.l. þar sem óskað er eftir fundi með fulltrúum úr sveitarstjórn og fræðslunefnd Þingeyjarsveitar til að fara yfir niðurstöður sameiginlegs fundar foreldrafélaganna sbr. ályktun sem send hefur verið sveitarstjórn.

Samþykkir að verða við erindinu og sveitarstjóra falið að koma á fundi í samráði við foreldrafélögin.

**8.Fundargerð Ungmennaráðs frá 11.04.2013:**

Lögð fram fundargerð Ungmennaráðs frá 11. apríl s.l.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**9. Aðalfundur Veidifélags Skjálfafljóts:**

Lagt fram aðalfundarboð Veidifélags Skjálfafljóts árið 2013 sem haldinn verður 24. apríl n.k.

Samþykkt að Árni Pétur Hilmarsson fari með umboði Þingeyjarsveitar á fundinum.

**Til kynningar:**

a. Fundargerð 14. fundar stjórnar Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar ehf.:

Ólína Arnkelsdóttir  
Margrét Bjarnadóttir  
Friðrika Sigurgeirsdóttir  
Ásta Svavarsdóttir

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30  
Arnór Benónýsson  
Ásvaldur Ævar Þormóðsson  
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

## Sumarferð eldri borgara í Þingeyjarsveit 2013

Farið verður á Vestfirði 18. til 21. júní, gist eina nótt á Reykjanesi og tvær nætur á Patreksfirði.  
Verð á mann er kr. 60.000,00 í tveggja manna herbergjum. Innifalið er morgun og kvöldverður á gististað og að auki hádegishressing alla dagana..

Greiðslu þarf að leggja inn á reikning félagsins sem er 1110 26 3337 kt. 440708-0210 fyrir 15. júní næst komandi.

Þátttaka tilkynnist fyrir 10. maí næst komandi til:

Dags Jóhannessonar	s. 4643520/ 8425520
Emelíu Friðriksdóttur	s. 847 3144
Jóns Sigurjónssonar	s.464 3148

Við hvetjum ykkur til að nýta ykkur þessa ferð.

Ferðanefndin

## Orlofsferð húsmæðra í Suður-Þingeyjarsýslu 2013.

Í sumar verður farið til Vestmannaeyja dagana 23-25 ágúst. Gist verður á Hótel Vestmannaeyjum. Innifalið er flug Húsavík-Vestmannaeyjar-Húsavík, gisting, morgunverður og kvöldverður.

Þessi ferð er frá föstudegi til sunnudags. Umsóknir þurfa að berast undirrituðum fyrir 20 maí n.k. Áætlað verð er 50.000 kr. á konu.

*Rétt til orlofsferðar hafa konur sem stadið hafa fyrir heimili án launagreiðslu.*

Ekki verður farið í ferðina nema lágmarksfjöldi verði náð.

Nánari upplýsingar veita:	Sími:	netfang:
<b>Katý Bjarnadóttir</b>	<b>864-0029</b>	<a href="mailto:katybjarna@gmail.com">katybjarna@gmail.com</a>
<b>Sigrún Marinósdóttir</b>	<b>865-2011</b>	<a href="mailto:sigrunmar@simnet.is">sigrunmar@simnet.is</a>
<b>Kristín Baldursdóttir</b>	<b>894-1717</b>	<a href="mailto:storholl33@simnet.is">storholl33@simnet.is</a>



### **Aðalsafnaðarfundur Ljósavatnssóknar**

verður haldinn þriðjudagskvöldið 30. apríl kl.20:30 í safnaðarheimili Þorgeirskirkju.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefnd



### **Vörumóttaka Goðafossmarkaðar**

Vörumóttaka verður föstudaginn 26. apríl fyrir Fnjóskadalshóp , Kinnar- og Fosshólshóp kl. 13:00-17:00.

G.V.: nefndin

### **Aðalfundur**

Aðalfundur Kvenfélags Ljósvetninga verður haldinn í safnaðarheimili Þorgeirskirkju, laugardaginn 4. maí kl.11.

Nýjar konur ávallt velkomnar í félagið.

Sjáumst hressar og kátar ☺

Stjórnin

### **Messa með fermingu á Einarstöðum**



Messa með fermingu verður á Einarstöðum næstkomandi laugardag 27. apríl klukkan 14:00.

Allir velkomnir.

Séra Þorgrímur.



## Bókamarkaður Þingeyjarsveitar - Ljósveitingabúð

Opið verður:

Laugardaginn 27. apríl (kjördag) frá 10 – 18.

Sunnudaginn 28. apríl frá 13-17.

4. og 5. maí frá 13-17.

1. og 2. júní frá 13.-17.

Mikið úrval bóka á vægu verði, höfum tekið inn fleiri bókatitla.

Gréta 8637099, Ósk 8626073 og Halldóra 8918453



## Vorfundur Kvenfélags Aðaldæla

Verður haldinn í matsal Hafnalækjarskóla  
mánudagskvöldið 6. maí kl. 20:30.

Hvetjum konur til að mæta.  
Stjórnin.

17. tbl.

24. apríl

2013

19. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



## DALAKOFINN

Fimmtudaginn næsta, á Sumardaginn fyrsta, verður ísvélin tekin aftur í notkun eftir vetrarfríð. Komdu og fáðu þér ljúffengan ís í tilefni dagsins!

Á laugardaginn kemur, kosningadaginn, verður kosningavaka í Dalakofanum, þar sem verður opið frameftir og menn geta komið, hist og spjallað um pólitíkina eða bara hvað sem er.

Við minnum einnig á laugardagskaffið sem er enn á sínum stað á hverjum laugardegi. Allir velkomnir, alltaf heitt á könnunni og kaffið er að venju í boði hússins.

### Næstu leikir í beinni á tjaldinu eru:

Laugardagur 27. apríl kl. 11:45	Man. City – West Ham
Laugardagur 27. apríl kl. 14:00	Chelsea – Swansea
Laugardagur 27. apríl kl. 16:30	Newcastle – Liverpool
Sunnudagur 28. apríl kl. 15:00	Arsenal – Man.Utd.



**Verið ávallt velkomin!**

Dalakofinn / Útibú ehf.

s. 464-3344